

**Ed.**

**280. Frumvarp til laga**

[153. mál]

um menntunarleyfi launþega.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Benedikt Gröndal.

**1. gr.**

Sérhver launþegi á til þess rétt að fá á hverjum tveimur árum tveggja vikna leyfi á fullum launum til náms að eigin vali.

**2. gr.**

Sérhver launþegi, sem unnið hefur á sama stað s. l. sex mánuði, eða a. m. k. 12 mánuði á s. l. tveimur árum, á rétt til leyfis frá störfum til náms. Sé um að ræða námskeið, er launþegi vill sækja á vegum stéttarsamtaka sinna og miðar að aukinni þekkingu hans á málefnum vinnumarkaðarins, eða nám er ætla megi að geri hann hæfari til að gegna starfi sínu, falla þó fyrrgreindar takmarkanir niður.

**3. gr.**

Við tímasetningu og lengd leyfis skal taka sanngjarnt tillit til óska launþega og að ekki valdi verulegri truflun á rekstri fyrirtækis vinnuveitanda.

**4. gr.**

Óski vinnuveitandi að fresta umbeðnu leyfi launþega, skal hann tilkynna það þegar í stað. Frestri hann byrjun menntunarleyfis lengur en 6 mánuði frá því honum barst beiðni launþega, verður hann að leita samþykkis viðkomandi stéttarfélags og færa fram ástæður sínar. Ef umbeðið leyfi er aðeins til 40 stunda eða skemur, eða ef umbeðið námskeið er um verkalyðsfræðslu á vegum stéttarsamtaka, verður vinnuveitandi að fá samþykki stéttarfélags launþega, ef frestunin er lengri en um tvær vikur. Ef menntunarleyfi hefur verið frestað af vinnuveitanda í meira en tvö ár, án samþykkis launþega, má fara með málið fyrir félagsdóm.

**5. gr.**

Launþegar er taka menntunarleyfi skv. öðrum greinum laga þessara en 1. gr., skulu ekki missa annarra fríðinda, sem af atvinnu þeirra leiðir, en þeir mundu venjulega gera við fjarvistir frá vinnu.

**6. gr.**

Samningsaðilar vinnumarkaðarins geta sett um menntunarleyfi nánari reglur innan ramma laga þessara.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1976.

**Greinargerð.**

Á síðustu tveimur ársþingum Alþjóðavinnuárástofnunarinnar — ILO — urðu miklar umræður um menntunarleyfi launþega á launum og var þar gerð samþykkt og tilmæli til stjórnvalda varðandi það efni.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir um þetta mál, gerir ráð fyrir tvenns konar rétti launþega til að auka við menntun sína og nám.

Annars vegar að á tveggja ára fresti eigi launþegi rétt til hálf mánaðar náms án þess að missa nokkurs í launum; hins vegar eigi hann rétt til náms launalaust, en án þess að missa rétt til fríðinda er atvinnu fylgja, svo sem sumarleyfis, atvinnuleysisbóta o. s. frv., innan þeirra takmarka er rammalög þessi setja. Ekki er hér gert ráð fyrir hvernig fjármagna skuli slíkt nám, þannig að aðgengilegt verði fyrir sem flesta, enda væntanleg á næstunni löggjöf um símenntun eða full-orðinsnám, er hlýtur að setja reglur um það efni.

Lög, er ganga í svipaða átt, hafa ýmist verið samþykkt eða liggja fyrir lögjafarþingum ýmissa landa Vestur-Evrópu. Hvergi er þó þörfin á föstum reglum um þetta efni viðlíka og hér, þar sem langur vinnudagur hindrar fólk í að nýta möguleika á kvöldskólum og jafnvel helganámskeiðum. Vinnutap og mögulegur missir starfs eru fólk fjötur um fót að hagnýta sér þau tilboð, sem þó eru fram boðin um námskeið, er geti aukið þekkingu þeirra og starfshæfni, víkkað sjóndeildarhringinn og gert það hæfari og betri þjóðfélagsþegna.

Hér er því um sjálfsagt réttlætismál að ræða og áfanga að því marki, að nám sé ekki sérstök forréttindi ungs fólks, er ekki hefur enn haslað sér völl á vinnu- markaðinum.